

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um eftirlit með starfsháttum lögreglu.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu starfshóps sem taka átti til skoðunar hvernig komið yrði á virkara eftirliti með starfsháttum lögreglu?
2. Er ráðgert að um innra eftirlit verði að ræða eða er stefnt að því að eftirlitið verði alfarið sjálfstætt og óháð löggæsluyfirvöldum?